

Bókun stjórnar Reykjaneshafnar 24. september 2020

4. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar (2020030194)

Hafnarstjóri upplýsti að hann ásamt fulltrúa frá Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hefur mætt hjá bæjarráðum Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga ásamt stjórn Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem þeir hafi kynnt þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er í Njarðvíkurhöfn og kemur fram í viljayfirlýsingu milli Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar frá 19.08.2020. Eftirfarandi bókanir fylgdu í framhaldi hverrar heimsóknar:

- 312. fundur bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga 02.09.2020: Bæjarráð tekur undir stuðning við verkefnið, sem er til þess fallið að bæta atvinnuástandið á Suðurnesjum. Bæjarráð hvetur ríkisvaldið til að styðja við verkefnið á allan mögulegan hátt, enda brýnt nú þegar atvinnuástandið á Suðurnesjum er afar bágborið.
- 1556. fundur bæjarráðs Grindavíkurbæjar 08.09.2020: Bæjarráð tekur vel í hugmyndir um skipaþjónustuklasa í Njarðvíkurhöfn og lýsir fullum stuðningi við verkefnið.
- 759. fundur stjórnar SSS 16.09.2020: Stjórn S.S.S. þakkar góða kynningu og lýsir yfir stuðningi við verkefnið. Stjórnin hvetur jafnframt ríkisvaldið til að styðja við verkefnið á allan mögulegan hátt enda verkefnið bæði atvinnuskapandi og gjaldeyrissskapandi. Verkefni sem þetta eykur fjölbreytileika atvinnulífs á Suðurnesjum
- 58. fundur bæjarráðs Suðurnesjabæjar 23.09.2020: Bæjarráð lýsir stuðning við verkefnið sem er til þess fallið að styrkja stoðir atvinnulífs á Suðurnesjum. Bæjarráð hvetur ríkisvaldið til að styðja við verkefnið á allan mögulegan hátt.

Farið var yfir hver væru næstu skref í framvindu málsins.